

GJALDSKRÁ

vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi, nr. 1198/2019.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er innheimt af öllu íbúðarhúsnaði í Flóahreppi samkvæmt skv. gildandi lögum og samþykkt nr. 1198/2019 um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi hverju sinni. Sorphirðugjald miðast við stærð og losunartíðni ílátu fyrir heimilisúrgang skv. fyrrgreindri samþykkt. *Pann 1. janúar 2023 tóku gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 sem kalla á flokkun í fjóra flokka ásamt sérsöfnum á grenndarstöðvum fyrir málma, gler og textil. Fjögur gunnilát eru við heimili: fyrir lífrænan úrgang, almennan úrgang, plast og pappír/pappa.*

Möguleikar á ílátum fyrir heimilisúrgang í sveitarféluginu eru eftirfarandi:

| Stærð íláts: | Tíðni losana: | Samtals kostnaður: |
|---|----------------------|---------------------------|
| 140 lítra lífrænn úrgangur | 13 á ári | 20.081 kr. á ári |
| 240 lítra almennur úrgangur | 13 á ári | 32.406 kr. á ári |
| 660 lítra almennur úrgangur | 13 á ári | 48.609 kr. á ári |
| 1100 lítra almennur úrgangur | 13 á ári | 72.914 kr. á ári |
| 360 lítra plast til endurvinnslu | 7 á ári | 14.000 kr. á ári |
| 660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu | 7 á ári | 21.490 kr. á ári |

Óski íbúar eftir stærri eða minni ílátum eða auka ílátum fyrir heimilisúrgang greiða þeir fyrir nýtt ílát og umsýslukostnað samkvæmt viðmiðunarverðaskrá þjónustuaðila. Mikilvægt er að sótt sé um allar breytingar á stærðum ílátu eða auka ílát hjá skrifstofu Flóahrepps.

3. gr.

Sorpeyðingargjald og gjaldtaka á söfnunarstöð.

Sorpeyðingargjald er innheimt af öllu húsnæði í Flóahreppi og er eftirfarandi:

| | |
|------------------------------|------------|
| Atvinnurekstur, lögþýli: | 25.888 kr. |
| Íbúðar- og frístundahús: | 21.244 kr. |
| Atvinnurekstur/iðnaðarlóðir: | 46.559 kr. |

Gjaldið tekur til reksturs sorpkerfisins s.s. reksturs grenndar- og söfnunarstöðva ásamt förgunar- og endurvinnsluleiðum. Gjaldtakan veitir aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

Á söfnunarstöð er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, málmum, brotajárn, lituðu timbri auk spilliefna, raftækja og annars sem telst sorp frá heimilum og fyrirtækjum og skal greitt fyrir móttöku skv. gildandi gjaldskrá þegar magn er umfram rétt samkvæmt inneignarkorti.

5. gr.

Gjald fyrir meðhöndlum á dýrahræum

Sérstakt gjald vegna dýrahræja er lagt á alla aðila sem eru með skráðan bústofn skv. skýrslum frá Matvælastofnun ár hvert. Gjaldið veitir aðgang að söfnunargámi fyrir dýrahræ sem er staðsettur innan sveitarfélagsins. Gjaldinu er skipt upp í mismunandi gjaldflokkar eftir fjölda og tegund bústofns. Nautgripir, kýr og hross falla í umfangsflokk 1 og svín og sauðfé í umfangsflokk 2.

| Gjaldflokkur: | Umfang bústofns: | Samtals kostnaður: |
|----------------------|-------------------------|---------------------------|
| Lágmarksgjald | | 5000 kr. |
| Gjaldflokkur 1 | 20-29 stig í umfangi | 25.000 kr. |

| | | |
|---------------|-----------------------------|-------------|
| Gjalflokkur 2 | 30-99 stig í umfangi | 50.000 kr. |
| Gjalflokkur 3 | 100-299 stig í umfangi | 75.000 kr. |
| Gjalflokkur 4 | 300-499 stig í umfangi | 100.000 kr. |
| Gjalflokkur 5 | 500-999 stig í umfangi | 120.000 kr |
| Gjalflokkur 6 | 999 stig og meira í umfangi | 140.000 kr |

Undanþágur og afslættir frá gjaldi vegna dýrahræa:

Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjalflokkum 1 og 2. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er 40% afsláttur ef umsækjandi uppfyllir skilyrðin. Ef bú getur sýnt fram á að það sjálf um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að fá gjaldið fellt niður.

6. gr.

Inneignarkort

Allir fasteignareigendur sem greiða sorpeyðingargjald fá afhent inneignarkort sem gildir sem aðgangur að söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi. Sveitarstjórn ákveður árlega magn úrgangs sem er innifalið og upphæð sem greiða þarf fyrir aukakort. Rukkað er skv. gildandi gjaldskrá þjónustuaðila ef fasteignaeigandi er ekki með inneignarkort meðferðis á söfnunarstöð. Frekari upplýsingar um inneignarkort og afhendingu þeirra má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

7. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpeyðingargjalda skulu vera þeir sömu og fasteignagjalda og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt.

Gjalddagi gjalds vegna meðhöndlunar á dýrahræjum er í október ár hvert en hægt er að sækja um að skipta gjaldinu upp í two gjalddaga og skal sótt um það á skrifstofu Flóahrepps. Gjald skal að fullu greitt fyrir áramót ár hvert.

Fyrir móttöku úrgangs á móttökustöð án notkunar inneignarkorts skal greiða í samræmi við gildandi gjaldskrá þjónustuaðila á móttökustöð.

8. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og öðlast þegar gildi. Eldri gjaldskrá nr. 1732/2022 um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi, fellur úr gildi.

Flóahreppi, 12.12.2023

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri.